

30.3.2017

Góðan daginn

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á [lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995](#), með síðari breytingum (afnám lágmarksútsvars). 146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal 179 — 120. mál.

Frumvarpið, verði það að lögum, gefur fámennum sveitarfélögum sem hafa örugga tekjustofna umfram önnur sveitarfélög færi á því að lækka álagningahlutfall úrsvars verulega og jafnvel alveg niður í 0 %.

Sveitarstjórn telur að lagasetning sem býður upp á slíka mismunun samræmist ekki markmiðum um að hafa jafnræði og velferða allra íbúa landsins að leiðarljósi.

Því telur sveitarstjórn Flóahrepps það vera óeðlilegt að skapa fámennum tekjuháum sveitarfélögum möguleika á að skapa nokkurs konar skattaparadísir á þeim forsendum að þar eru staðsett mannvirki sem jafnvel eru í eigu almennings á Íslandi og bera háa fasteignaskatta.

Þetta frumvarp er því gert til þess að skapa möguleika á innlendum skattaparadísnum með tilheyrandi „gervibúsetu“ með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar því með öllu framkomnu frumvarpi um afnám lágmarksútsvars.

Eydís Þ. Indriðadóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps

Flóahreppur
Þingborg
800 Selfoss
www.floahreppur.is
floahreppur@floahreppur.is
Sími: 480 4370